

1975 nr. 12 25. apríl**Lög um samræmda vinnslu sjávaraflla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum**

Tóku gildi 14. maí 1975. Breytt með l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** [Ráðuneytið]¹⁾ getur samkvæmt lögum þessum sett almennar og svæðisbundnar reglur,²⁾ er stuðli að samræmingu milli veiðiheimilda samkvæmt sérstökum leyfum ráðuneytisins til rækju- og skelfiskveiða og vinnslugetu þessara greina fiskiðnaðarins, meðal annars með skiptingu aflla milli vinnslustöðva og/eða þeirra báta, sem veiðileyfi hljóta.

¹⁾ L. 126/2011, 64. gr. ²⁾ Rg. 78/1978 (um skelfiskveiðar).

■ **2. gr.** Í þeim greinum veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum samkvæmt 1. gr., skal leita leyfis [ráðuneytisins]¹⁾ til að koma á fót vinnslustöðvum eða til aukningar á afkastagetu þeirra sem fyrir eru. Ráðuneytið getur synjað um slík leyfi, ef ekki er fyrirsjáanleg aflaukning á viðkomandi svæði né samdráttur í starfsemi annarra vinnslustöðva á svæðinu.

□ Opinberum fjárfestingarlánasjóðum skal tilkynnt um synjun slíkra leyfa.

¹⁾ L. 126/2011, 64. gr.

■ **3. gr.** Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

■ **4. gr.** Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða fyrirmælum samkvæmt þeim, skal sæta sektum, nema þyngri viðurlögum varði samkvæmt öðrum lögum. Sektir renni í ríkissjóð. . . .¹⁾

¹⁾ L. 88/2008, 233. gr.